



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Stefna Fjármálaeftirlitsins um beitingu þvingunarúrræða og viðurlaga

Fjármálamarkaðurinn er mikilvæg grunnstoð samfélagsins og gegnir veigamiklu hlutverki í hagkerfinu. Mikilvægt er því að fjármálastarfsemi njóti trausts og sé rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina og þjóðarbúsins alls að leiðarljósi.

Ítarlega er kveðið á um fjármálastarfsemi í lögum og reglum auk þess sem löggjafinn hefur falið Fjármálaeftirlitinu að hafa eftirlit með fjármálastarfsemi tiltekinna aðila. Í því felst að Fjármálaeftirlitið metur hvort starfsemi eftirlitsskyldra aðila samræmist lögum, reglugerðum, reglum og samþykktum sem um starfsemina gilda og hvort hún sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Stór þáttur í því eftirliti er að bregðast við lögbrotum þannig að eðlilegur agi og virðing skapist fyrir lögum og reglum.

Það er **stefna Fjármálaeftirlitsins** að bregðast við brotum á lögum og reglum, þ.m.t. um heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, og brotum gegn ákvörðunum eftirlitsins af festu og á markvissan hátt með beitingu þvingunarúrræða, viðurlaga og eftir atvikum með því að endurmeta hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila.

Stefnan er samin með hliðsjón af 10. og 11. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og viðurlagaköflum þeirra sérлага sem gilda um fjármálastarfsemi og Fjármálaeftirlitinu er falið að hafa eftirlit með.

Þvingunarúrræði

Fjármálaeftirlitið beitir þvingunarúrræðum til að knýja á um framfylgni við lög, reglur og ákvarðanir eftirlitsins. Helstu þvingunarúrræði sem Fjármálaeftirlitið hefur yfir að ráða eru úrbótakrafa og dagsektir.

Úrbótakrafa

Úrbótakrafa er gerð ef í ljós kemur að eftirlitsskyldur aðili fylgir ekki lögum og reglum sem gilda um starfsemi hans. Fjármálaeftirlitið tekur jafnframt til skoðunar hvort tilefni sé til að beita öðrum úrræðum sem eftirlitið hefur lögum samkvæmt til að bregðast við broti.

Dagsektir

Fjármálaeftirlitið getur lagt dagsektir á hvern þann sem veitir ekki umbeðnar upplýsingar. Þá getur eftirlitið einnig lagt dagsektir á eftirlitsskyldan aðila sem sinnir ekki úrbótakröfu.

Viðurlög

Fjármálaeftirlitið beitir viðurlögum vegna brota á lögum, reglum og ákvörðunum eftirlitsins enda verði lögmætu markmiði ekki náð með öðrum úrræðum. Viðurlögum er ætlað að hafa varnaðaráhrif sem miða að því að draga úr eða afstýra frekari brotum. Þær viðurlagaheimildir sem Fjármálaeftirlitið hefur yfir að ráða eru stjórnvaldssekt, févíti og afturköllun starfsleyfis vegna brota. Auk þess getur Fjármálaeftirlitið lokið málum vegna brota sem varða stjórnvaldssekt með sátt við málsaðila um greiðslu sektarfjárhæðar.

Stjórnvaldssektir

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn lögum og reglum, óháð því hvort brot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Fjárhæð stjórnvaldssekta ræðst m.a. af alvarleika og tímalengd brots, samstarfsvilja hins brotlega og hvort um



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Ítrekað brot sé að ræða. Eins getur fjárhagsstaða og ábyrgð hins brotlega haft áhrif á fjárhæðina, sem og ávinningur eða tap af broti og möguleg kerfisleg áhrif þess.

Fjármálaeftirlitið kærir meint meiriháttar brot til lögreglu. Brot telst meiriháttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Verði Fjármálaeftirlitið í störfum sínum áskynja um meint brot á öðrum lögum en þeim sérlögum sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, t.d. almennum hegningarlögum eða skattalögum, er þeim vísað til viðeigandi stjórnvalda/lögreglu.

Sátt

Máli vegna brota sem varða stjórnvaldssektum lýkur með samkomulagi um sátt óski málsaðili þess enda hafi hann látið af brotlegri háttsemi eða gert viðeigandi úrbætur. Sátt kemur ekki til greina ef tilskilin varnaðaráhrif nást ekki, t.d. ef aðili hefur ítrekað gerst brotlegur við sama lagaákvæði. Tilgangur sáttar er að einfalda málsmeðferð þannig að málum verði lokið á sem skemmstum tíma með sem mestum varnaðaráhrifum.

Með samkomulagi um sátt gengst málsaðili við broti og fellst á greiðslu sektarfjárhæðar. Sektarfjárhæð í málum sem lokið er með sátt getur verið allt að helmingi lægri en fjárhæð stjórnvaldssektar og ræðst lækkunin af því á hvaða stigi meðferð máls er við gerð sáttar.

Févíti

Fjármálaeftirlitið getur lagt févíti á hvern þann sem brýtur gegn ákvörðun eftirlitsins enda varði brotið ekki stjórnvaldssekt.

Afturköllun starfsleyfis

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi eftirlitsskylds aðila vegna brota þegar lög heimila.

Hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna

Gefi brot tilefni til að draga í efa hæfni framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskylds aðila til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri tekur Fjármálaeftirlitið hæfi þeirra til skoðunar á ný. Leiði skoðun í ljós skort á hæfni krefst Fjármálaeftirlitið þess að viðkomandi láti af störfum, ella víkur eftirlitið honum einhliða.

Opinber birting

Niðurstöður um beitingu þvingunarúrræða, viðurlaga og um að framkvæmdastjóra eða stjórnarmanni sé gert að víkja vegna brota eru birtar opinberlega í samræmi við [Gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins](#).

Reykjavík, 1. október 2015

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri